



Landsvirkjun
420269-1299
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Hellu, 14. nóvember 2024
2409050 HBH

FRAMKVÆMDALEYFI skv. reglugerð nr. 772/2012 með síðari breytingum.

vegna efnistöku á allt að 40.000 m³ á efnistökuastað E70 á Tungnaáreyrum.

Framkvæmdaraðili: Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Endanleg umsókn framkvæmdaraðila um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 vegna efnistöku á efnistökuastað E70 á Tungnaáreyrum í tengslum við framkvæmdir við vindorkuver við Vaðöldu (Búfellslund) kveður á um efnistöku á allt að 40.000 m³ á um 2,4 ha svæði. Með umsókninni eru yfirlitskort sem sýna staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis, lýsingu framkvæmdarinnar og aðrar upplýsingar í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er ekki matsskyld eða tilkynningarskyld skv. IV. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlna. Fyrirhuguð efnistaka er í samræmi við staðfest aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028. Eftir að umsókn um framkvæmdaleyfi barst sveitarfélaginu var óskað eftir umsögn Forsætisráðuneytisins og barst hún 21. október 2024 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfisins.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 13. nóvember 2024 að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni enda er framkvæmdin í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Skipulagsfulltrúa var falið að gefa út framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmdum.

Framkvæmdaleyfi er því gefið út fyrir efnistöku á allt að 40.000 m³ af steypu- og fyllingarefni, á um 2,4 ha svæði á efnistökuastað E70 á Tungnaáreyrum, í samræmi við endanlega umsókn framkvæmdaraðila og meðfylgjandi gögn. Um er að ræða svæði á afrétti, sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar.

Framkvæmdin skal vera í samræmi við framkvæmdarlýsingu í umsókn og uppdrátt BUF-B-U00-F5-010. Að efnistöku lokinni skal framkvæmdaraðili ganga frá námasvæðinu þannig að komið verði í veg fyrir rof og uppblástur á svæðinu. Gengið skal frá námum á snyrtilegan hátt þannig að ekki skapist hætta til framtíðar, svæðið skal jafnað þannig að það falli vel að umhverfinu. Ganga skal snyrtilega frá svæðum sem hróflað verður við, í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hafi framkvæmdin í för með sér spjöll á grónu landi skal

framkvæmdaraðili bæta þau spjöll með því að sá/gróðursetja í þau sár innlendum plöntutegundum, sömu tegundar og fyrir eru á svæðinu.

Framkvæmdaraðili skal á sinn kostnað koma upp vönduðum fastmerkjum við námusvæðið, þannig að auðvelt sé að mæla inn vinnsluteiga og framkvæma aðrar þær mælingar sem nauðsynlegar kunna að vera á svæðinu. Framkvæmdaraðili skal framkvæma efnistöku og vinnslu á svæðinu í samfellu, þannig að efnislög nýtist til hins ýtrasta. Námusvæðið skal vera reglulegt að lögun og ekki er heimilt að sleppa vinnslu á einstökum hlutum þess vegna staðbundinna aðstæðna eins og t.d. þykkra eða þunnra yfirborðslaga. Sérfræðingar sem leyfisveitandi sættir sig við munu setja út fastmerki og annast mælingar sem gera þarf vegna framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili skal framkvæma allar mælingar og tæknilegt eftirlit með efnistöku og vinnslu á efnistökusvæðinu. Allar slíkar mælingar skal framkvæmdaraðili vinna í samráði við skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra sem fer með eftirlit með framkvæmdunum.

Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn framkvæmdaraðila, dags. 16. september 2024.
2. Fundarsaga stjórnslu sveitarfélagsins vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.
3. Umsögn Forsætisráðuneytisins, dags. 21. október 2024.
4. Uppdráttur BUF-B-U00-F5-010 vegna breytinga á umsókn framkvæmdaraðila.

Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu er byggð á heimild í aðalskipulagi. Ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður sbr. lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaáðila.

Gildistími framkvæmdaleyfisins er til 1. júní 2026. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfudegi leyfis.

Rangárþingi ytra 14. nóvember 2024.

Skipulagsfulltrúinn í Rangárþingi ytra



Haraldur Birgir Haraldsson